

12.3.2018

Tilvísun í mál: 2018030003

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 1. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um lax- og silungsveiði (stjórn álaveiða), 215. mál.

Náttúrufræðistofnun gaf umsögn um sama mál 18. apríl 2017, sjá meðfylgjandi umsögn, og sér stofnunin ekki ástæðu til að senda inn nýja umsögn þar sem málið hefur ekki tekið neinum breytingum.

Virðingarfyllt

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Nefndasvið Alþingis,
Atvinnuveganefnd
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 18. apríl 2017
2017030036/42-1-1
TB
jgo/tb

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006, með síðari breytingum (stjórn álaveiða), 271. mál

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 29. mars sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006, með síðari breytingum (stjórn álaveiða), 271. mál.

Náttúrufræðistofnun tekur undir að eðlilegt sé að hafa í lögum um lax- og silungsveiðar ákvæði sem heimilar ráðherra að setja reglur um álaveiðar, m.a. að banna eða takmarka álaveiðar um allt land eða á tilteknum svæðum ef það er talið nauðsynlegt.


Í greinargerð með frumvarpinu eru færð rök fyrir því hvers vegna framangreint ákvæði er talið nauðsynlegt og m.a. vísað til þess að það vanti skýr ákvæði í lögin til að hægt sé að bregðast við þegar álastofninn á undir högg að sækja, sem m.a. hefur komið fram í því að tegundin hefur verið sett á CITES lista (Appendix II). Það vekur hins vegar athygli Náttúrufræðistofnunar að í frumvarpinu er ekki vikið að því að heimild til að bregðast við bágrri stöðu álastofnsins er nú þegar fyrir hendi sbr. 56. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og markmið 2. gr. sömu laga en þar er m.a. vísað til ákjósanlegrar verndarstöðu stofna og vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Það vekur einnig athygli að í frumvarpinu er eingöngu gert ráð fyrir að leggja mat Hafrannsóknastofnunar til grundvallar um hvort nauðsynlegt sé að vernda þessa tilteknu dýrategund fyrir veiðum eða ekki. Rétt er að benda á að Hafrannsóknastofnun á fulltrúa í fagráði sem er Náttúrufræðistofnun til ráðgjafar um náttúruminjasrá.

Til að hægt sé að taka ákvarðanir um hvort vernda þurfi álastofninn á Íslandi þarf að vakta hann reglulega. Samkvæmt 1. mgr. 74. gr. laga um náttúruvernd ber Náttúrufræðistofnun Íslands **ábyrgð á vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru** að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum með lögum eða reglum settum á grundvelli þeirra. Samkvæmt sömu grein á Náttúrufræðistofnun einnig að vinna heildstæða vöktunaráætlun skv. 1. mgr. og skipuleggja framkvæmd hennar. Stofnuninni er ekki kunnugt um að fram hafi farið regluleg vöktun á álastofninum hér á landi, nema að einhverju marki á einstökum svæðum, eða að til sé heildstæð vöktunaráætlun fyrir stofninn svo meta megi ákjósanlega verndarstöðu tegundarinnar hér á landi og taka ákvarðanir um vernd og nýtingu þ.m.t. vernd búsvæða




hennar. Náttúrufræðistofnun telur að í framangreindum reglum um álaveiðar eigi að vera ákvæði um vöktun álastofnsins og búsvæða hans og verði þau hluti af vöktunaráætlun lykilþátta íslenskrar náttúru.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

